

Schweizerische Radio- und Fernsehgesellschaft SRG gegen Sviss

Dómur frá 21. júní 2012

Mál nr. 34124/06

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fangar. Sjónvarpsupptökur í fangelsi.

1. Málsatvik

Kærandi er einkafyrirtæki sem rekur sjónvarpsstöð í Zürich. Hinn 12. ágúst 2004 óskaði sjónvarpsstöðin eftir heimild til að taka upp viðtal við A sem afplánaði fangelsisdóm fyrir manndráp. Ætlunin var að senda viðtalið út í fréttabættinum Rundschau sem hluta af umfjöllun um sakamálið og réttarhöldin yfir öðrum manni sem einnig var grunaður í málinu. Kærandi rökstuddi leyfisbeiðni sína vegna viðtalsins við A, sem hafði samþykkt að veita viðtalið, með vísan til þess að málið væri enn í samfélagsumræðunni og vektí mikinn áhuga almennings. Fangelsisyfirvöld höfnuðu beiðni kæranda um viðtal, og vísuðu til þess að nauðsyn væri að halda uppi röð og reglu innan fangelsisins og að ekki væri hægt að mismuna föngum sem væru í afplánun. Kærandi vísaði málinu til stjórnásludómstóls í Bern og tók fram í kæru sinni að eingöngu ætti að taka viðtal við A en ekki að mynda aðstöðu fangelsisins og öryggisbúnað þess. Dómstóllinn hafnaði kröfunni á þeim grundvelli að ekki væri hægt að ætlast til þess af fangelsisyfirvöldum að gera allar þær öryggisráðstafanir sem væru nauðsynlegar til þess að viðtalið gæti átt sér stað. Kærandi áfrýjaði dóminum og taldi að höfnun yfirvalda á grundvelli öryggismála og tæknimála væri illa rökstudd. Kærandi færði rök fyrir því að með nútímataekni væri vel hægt að taka viðtalið án þess að raska friði í fangelsinu, enda hefði ætlunin verið að viðtalið færi fram í heimsóknálmum þess. Áfrýjun kæranda var hafnað með þeim rökum að réttur fanga til þess að fá heimsóknir tryggði ekki jafnframt rétt til þess að veita viðtöl í slíkum heimsóknum og að aðgengi myndatökumanna gæti brotið gegn rétti annarra fanga til einkalífs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að synjun yfirvalda um leyfi til að taka viðtal við A fæli í sér brot gegn 10. gr. sáttmálans um tjáningarfrelsi.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að þegar litið væri til þess að umræddur sjónvarpsþáttur fjallaði um mál sem hefði mikið almennt gildi hefðu svissnesk yfirvöld takmarkað svigrúm í mati á því hvort bannið teldist vera nauðsynlegt vegna þjóðfélagsaðstæðna. Þótt hægt væri að fallast á að í upphafi hafi verið grundvöllur til þess að leyfa ekki viðtalið, ekki síst þar sem réttarhöld yfir A stóðu ennþá, þá tók dómstóllinn fram að ástæður síðari höfnunar hefðu ekki verið studdar nægjanlegum rökum, hvorki hvað varðaði hag annarra fanga né hvað varðaði öryggismál. Kærandi hafði útskýrt fyrir yfirvöldum hvernig viðtalið gæti farið fram og tæknilega útfærslu þess, en ekki hafi verið tekið tillit til þess í úrskurðum dómstóla. Hvað varðaði skyldur ríkisins til þess að vernda A, tók dómstóllinn fram að fanginn hefði sjálfur gefið skýrt samþykki sitt fyrir viðtalinu. Dómstóllinn tók fram að 10. gr. sáttmálans verndaði einnig það form sem notað er til að koma hugmyndum og upplýsingum á framfæri, en ekki bara efni tjáningarinnar. Því væri ekki á hendi Mannréttindadómstólsins eða yfirvalda aðildarríkjanna að ákvarða hvaða miðilsform fjölmiðlar nýttu við framsetningu á efni sínu. Af þessum sökum hefðu yfirvöld ekki getað uppfyllt þær skyldur sem 10. gr. legði á þau með því einu að veita leyfi til símaviðtals við fangann. Dómstóllinn taldi að þótt yfirvöld aðildarríkjanna væru í betri stöðu en dómstóllinn til þess að meta hvort og þá hvernig aðgengi að föngum skyldi háttað í einstökum ríkjum, þá hefði hið fortakslausa bann við myndatökum innan fangelsisins í þessu tilviki ekki getað talist þjóðfélagslega nauðsynlegt. Með vísan til þess var brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Kærandi gerði ekki kröfur um bætur.

Tveir dómáramar skilufu séráliti.

